

# Viðbót við stofnanasamning Fjölbrautaskólans í Breiðholti og félagsmanna í aðildarfélögum Kennarasambands Íslands

## 1. Inngangur

Samstarfsnefnd um stofnanasamning er skipuð þremur fulltrúum starfsmanna í KÍ auk þriggja varamanna og þremur fulltrúum stjórnenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Starf nefndarinnar fólst í að semja um umsjón kennara með ólögráða nemendum á vorönn 2011.

## 2. Gildissvið

Viðbótarsamningurinn nær til starfsmanna Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem eru félagsmenn í Kennarasambandi Íslands.

## 3. Markmið

Að hafa umsjón með ólögráða nemendum skv. eftirfarandi starfslýsingu:

- a. Fylgjast með ástundun og námi nemendahópsins og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa og skólameistara eða staðgengil hans.
- b. Vera nemendum til ráðuneytis um mál er tengjast skólavist þeirra.
- c. Aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlanir með þeim.
- d. Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- e. Vera talsmaður nemenda sinna gagnvart skólayfirvöldum og öðrum kennurum.
- f. Miðla upplýsingum frá stjórnendum skóla til umsjónarnemenda sinna.

## 4. Launaröðun

Starfsmenn, sem viðbótarsamningurinn tekur til, raðist einu launabæpi hærra en þeir gerðu samkvæmt stofnanasamningi Fjölbrautaskólans í Breiðholti og félagsmanna í aðildarfélögum Kennarasambands Íslands, dagsettum 3. apríl 2006, og síðari tíma breytingum. Umsjónarnemendur skulu ekki vera fleiri en 20 hjá hverjum umsjónarkennara.

## 5. Gildistími

Viðbótarsamningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. júlí 2011 og verður endurskoðaður við upphaf skólaársins 2011-2012.

Reykjavík, 6. janúar 2011.

---

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Baldvin Björgvinsson

---

Stefán Benediktsson

Guðrún G. Gröndal

---

Ingibjörg Dís Geirsdóttir

Ragnar S. Magnússon